

Siðareglur birgja Íslenska gámafélagsins

Tilgangur siðareglna Íslenska gámafélagsins er að vinna að samfélagslegri ábyrgð, stuðla að heiðarleika, réttssýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á Íslenska gámafélaginu. Félagið er gæða-, umhverfis og jafnlaunavottað og hefur sett sér stefnu í þeim málum ásamt innkaupa- og öryggisstefnu. Íslenska gámafélagið vill hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið sem það starfar í með ábyrgum og sjálfbærum hætti í rekstri sínum. Stjórnendur gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fyrirtækið hefur gagnvart viðskiptavinum, birgjum, starfsfólki og samfélaginu. Starfsfólk Íslenska gámafélagsins vinnur eftir siðareglum sem eiga að tryggja eðlilega og heilbrigða viðskipta- og starfshætti.

Siðareglur birgja

Íslenska gámafélagið hefur sett eftirfarandi siðareglur til birgja sinna og samstarfsaðila og gerir kröfu um að þeir:

- Hlíti lögum og reglum sem við þá eiga og starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Vinni ávallt gegn spillingu, þ.m.t. mútum, kúgun og fjárvikum. Þeir þjóði ekki eða biðji um, krefjist, veiti eða þiggi mútur með beinum eða óbeinum hætti, fyrir sjálfa sig eða aðra.
- Virði og viðurkenni rétt starfsfólks til félagafrelsis og gerð kjarasamninga. Sé réttur til félagafrelsis og/eða gerð kjarasamninga takmarkaður samkvæmt lögum í viðkomandi landi skulu birgjar heimila starfsfólki að kjósa sér fulltrúa til að verja rétt þeirra á vinnustað.
- Greiði starfsfólki sínu regluleg laun (að lágmarki mánaðarlega) og að greiðslur, eða hluti þeirra, verði ekki eftir hjá milliliðum. Greidd skulu a.m.k. lágmarkslaun eins og gerð er krafa um í lögum, reglum og/eða kjarasamningum í viðkomandi landi. Virði lög og reglur um réttindi starfsfólks t.d. til hvíldar, lengd vinnutíma, orlofs, veikindaréttar og annarra launakjara. Einnig viljum við tryggja að starfsfólk vinni af fúsum og frjálsum vilja og án nauðungar.
- Tryggi að starfsmenn fái jöfn tækifæri og njóti jafnréttis án mismununar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. Vinni í anda jafnréttis þar sem einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi er fordæmt.
- Tryggi öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem er í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í samfélaginu. Þeir geri ráðstafanir til að minnka slyshættu og neikvæð áhrif á heilsu starfsfólks.
- Tryggi að starfsemi þeirra hafi sem minnst umhverfisleg áhrif og geri ráðstafanir til að draga úr hættu á umhverfisóhöppum.
- Forðist hvers konar hagsmunaárekstra í viðskiptum sínum við fyrirtækið. Með hagsmunaárekstrum er t.d. átt við að fulltrúi birgja, vinir hans eða skyldmenni hafi eða geti haft persónulega hagsmuni af þeim viðskiptum sem um ræðir. Birgi tilkynni fyrirtækinu án undantekninga um mögulega hagsmunaárekstra.